

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 10. maí 2012
1205001 IE

Efni: Umsögn um frv. til laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu.

Með tölvubréfi dags. 2. maí 2012 barst Jafnréttisstofu umsagnarbeiðni um frv. til laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu, þskj. 1186, mál 748, lþ. 140. Umsögn Jafnréttisstofu er eftirfarandi:

Almennar athugasemdir.

Jafnréttisstofa fagnar og tekur undir þá stefnu sem mörkuð er með frumvarpinu að Ríkisútvarpið leggi megináherslu á hlutverk sitt sem fjölmiðlaþjónusta í almannabágu. Skilgreindir eru fjórir meginþættir varðandi hlutverk Ríkisútvarpsins, en þeir eru almenn skylda til að bjóða upp á fjölbreytta dagskrá og að útsendingar nái til allra landsmanna, lýðræðishlutverk Ríkisútvarpsins, menningarlegt hlutverk þess og starfshætti.

Jafnréttisstofa tekur undir það að Ríkisútvarpið sé ein af helstu stöðum lýðræðissamfélagsins með því að veita landsmönnum upplýsingar, sem þeir geta treyst og dragi ekki taum neinna hagsmunahópa, einstaklinga né sjónarmiða. Í þessu samhengi er brýnt að minna á að tryggt þarf að vera að Ríkisútvarpið horfi alltaf til kynjasjónarmiða og gæti þess að sýna og fjalla bæði um konur og karla með sambærilegum hætti og í sambærilegum hlutföllum. Jafnréttisstofa minnir einnig á að um Ríkisútvarpið, eins og alla lögaðila og einstaklinga í samfélaginu, gilda jafnréttislög nr. 10/2008. Í þeim lögum er m.a. tekið fram að vinna beri að því að jafna stöðu kynjanna í samfélaginu og að gæta þurfi að því að jafna stöðu kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum og vinna gegn því að störf flokkist eftir kynjum. Á þessum sviðum öllum getur Ríkisútvarpið gengið á undan með góðu fordæmi.

Í greinargerðinni með frumvarpinu, þar sem fjallað er um hlutverk Ríkisútvarpsins og skyldur, kemur fram að gera eigi starfsemi Ríkisútvarpsins óháða viðskiptalegum sjónarmiðum og lögð er áhersla á að það sé óháður fjölmiðill allra landsmanna sem hægt sé að treysta. Varðandi þetta atriði vill Jafnréttisstofa velta því upp hvort það geti ekki verið óheppilegt og jafnvel andstætt stefnu og markmiðum um að vera óháð, að Ríkisútvarpið sé í



Jafnréttisstofa

hagsmunasamtökum eins og Samtökum atvinnulífsins, en vegna máls sem Jafnréttisstofu var falið að skoða kom fram að RÚV ohf. er í SA.

Um 3. gr.

Jafnréttisstofa tekur undir það sem fram kemur í skýringum við 3. tölul. 1. mgr. 3. gr, en þar segir að fjölmiðlaefni skuli „endurspeglar margbreytileika menningar á Íslandi, lífsviðhorf og lífsskilyrði fólks í öllum landshlutum.“ Í þessu samhengi vill Jafnréttisstofa áréttar að í rannsóknum, innlendum sem erlendum, kemur ítrekað fram að hlutur kvenna í fjölmiðlum er mun rýrari en hlutur karla. Jafnréttisstofa telur brýnt að Ríkisútvarpið gæti þessi hvívetna að fjalla bæði um konur og karla, tala við konur og karla, leyfa röddum kvenna og karla að heyrast og hafa í sínum röðum á að skipa bæði konum og körlum, í hlutverkum fréttamanna og dagskrárgerðarfólks svo dæmi séu nefnd. Sjá einnig 1. gr. jafnréttislaga hvað varðar jafnréttismarkmið fyrir samfélagið í heild. Jafnréttisstofa telur brýnt að hnykkja á ofangreindu, bæði í 1. mgr. um Ríkisútvarp í almannapágu og í 2. mgr. um lýðræðislegt hlutverk þess, sbr. 6. tölul. 2. mgr. 3. gr.

Jafnréttisstofa fagnar því sem fram kemur í 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. um að Ríkisútvarpið eigi að varðveita gögn sem hafa menningarlegt og sögulegt gildi, enda er í þessum gögnum m.a. að finna ómetanlegar upplýsingar um sögu kynjanna.

Í 6. tölul. 2. mgr. 3. gr. er vísað til þess að hafa eigi hlut karla og kvenna sem jafnastan í starfsemi og dagskrá Ríkisútvarpsins. Jafnréttisstofa fagnar því að þetta ákvæði sé í frumvarpinu. Í greinargerðinni kemur fram að Ríkisútvarpið hafi sérstöku hlutverki að gegna og því sé ætlað að stuðla að jafnrétti kynjanna í dagskrá og allri annarri starfsemi. Nefnt er sérstaklega að hlutfall kynjanna eigi að vera sem jafnast í allri dagskrá. Jafnréttisstofa fagnar þessu atriði í frumvarpinu, en vill jafnframt taka fram að ekki nægir að hlutfall kynja sé jafnt, þ.e að t.d. í sjónvarpsfréttum birtist myndir af jafn mörgum konum og körlum. Efnistöð og efnisval þarf einnig að taka mið af kynjasjónarmiðum og gæta þarf að því að gera ekki öðru kyninu hærra undir höfði en hinu. T.d. er ekki ásættanlegt út frá sjónarmiðum kynjajafnréttis að birta mynd af og nafngreina 12 karla í frétt af íþróttaliði í karlagrein, en aðeins birta mynd af kvennaliði í kvennaíþróttagreini, án þess að nafngreina. Jafnréttisstofa leggur til að bætt verði við þennan tölulið, eða að minnsta kosti í skýringarnar í greinargerðinni að ekki sé aðeins verið að tala um hlutfall kynjanna, heldur einnig efnistökin og innihaldið.

Í 2. tölul. 4. mgr. 3. gr. mætti bæta við, á eftir orðunum „...eða öllum aðilum“ orðunum „konum og körlum“, enda er það í betra samræmi við 26. gr. laga nr. 38/2011 um fjölmiðla.

Um 9. gr.

Varðandi 9. grein vill Jafnréttisstofa áréttar það að skipan í nefndir, ráð og stjórnir skal vera í samræmi við 15. gr. jafnréttislaga. Sérstaklega er tekið fram í greininni að hún gildi um stjórnir opinberra hlutafélaga. Skv. 2. mgr. skal tilnefningaraðili tilnefna bæði karl og konu.



Jafnréttisstofa

Til þess að ákvæðið nái markmiðum sínum er ekki hægt að skýra það öðruvísi en svo að þegar tilnefna á einn, þá verði í raun að tilnefna tvo, þ.e. karl og konu fyrir hvert laust sæti. Það er svo skipunaraðilans að raða í nefnd, ráð eða stjórn, þannig að skipun verði í samræmi við 15. gr. jafnréttislaganna. Jafnréttisstofa leggur til að í 9. gr. verði vísað til 15. gr. jafnréttisaga um framkvæmd tilnefninga og skipana í nefndir, ráð og stjórnir

Ef frekari upplýsinga eða athugasemda er óskað þá veitir undirrituð þær fúslega.

Virðingarfyllst,

Ingibjörg Elíasdóttir
lögfræðingur